

	AKRANESKAUPSTAÐUR				
Skj.númer:	2.9	Mótt. af:	GSI	Mótt. daga:	11 MARS 2016
Áb.m.	RÁ	Úrv.aðili:	St. A	Afrit:	RÁ/St. A
Símtal		Tölvup.		Fax	A6/5A
Svarm.		Trúun.mál		Fskj.	
Málsnr.	One	1410203			



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 8. mars 2016
Tilv.: IRR15020221/21.11

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 2015

Upplýsingar um úthlutanir og uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna ársins 2015 voru birtar á vefsíðu sjóðsins, *jöfnunarsjodur.is*, eftir því sem þær lágu fyrir. Hreyfingalistar fjárhags vegna greiðslu framlaga úr sjóðnum á árinu 2015 bárust sveitarfélögum með bréfi dags. 17. febrúar sl. Í bréfinu var gerð grein fyrir færslu sjóðsins á rekstrargrunn hvað framlög vegna yfirfærslu grunnskólans og málefna fatlaðra varðar.

Með tilvísun til þessa var 13. mánuður framangreindra framlaga, þ.e. vegna yfirfærslu grunnskólans og málefna fatlaðs fólks, bókfærður hjá sjóðnum 31. desember sl. sem inneign sveitarfélaganna hjá sjóðnum í árslokin 2015. Framlöginn til sveitarfélaganna vegna 13. mánaðarins komu síðan til greiðslu í lok janúar sl. Þetta hafði í för með sér að uppgjör framlaga sjóðsins til sveitarfélaganna vegna ársins 2015 lá ekki fyrir fyrr en í febrúar.

Hér á eftir eru veittar ítarlegri upplýsingar um úthlutanir og greiðslur einstakra framlaga úr sjóðnum á árinu 2015:

**Framlög til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti
Reglugerð nr. 80/2001 með síðari breytingum**

Ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti tekur mið af allt að 30% af lögbundnu framlagi frá ríki er nam á árinu 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

Áætlað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna á grundvelli fjárlaga ársins 2015 að viðbættum eftirstöðvum vegna ársins 2014 nam samtals 3.459,1 m.kr. og var áætlað uppgjör framlaganna sem fór fram í júlí, ágúst og september miðað við þá fjárhæð. Með hækjun á 2,12% framlaginu frá ríki á fjáraukalögum 2015 hækkaði ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna um 271,3 m.kr. og nam samtals 3.730,4 m.kr. Uppgjör framlaganna, sem fór fram í desember, tók mið af þeirri fjárhæð. Um 3,4% hækjun var á úthlutun framlaganna milli áranna 2014 og 2015.

Framlög vegna greiðslu sveitarfélaga á húsaleigubótum

Almennar húsaleigubætur: Reglugerð nr. 150/2013 - Samkomulag um húsaleigubætur

Ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu almennra húsaleigubóta tók mið af 11,5% af lögbundna framlaginu frá ríki er nam 2,12% á árinu 2015, sérstökum viðbótarframlögum á grundvelli Samkomulags ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 ásamt framlagi frá ríki vegna innleiðingar á nýju húsnæðisbótakerfi sem hófst á árinu 2013.

Á grundvelli fjárlaga ársins 2015 nam áætlað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu almennra húsaleigubóta 3.288,3 m.kr. Að teknu tilliti til áætlunar sveitarfélaga um greiðslur bótanna á árinu 2015, samtals að fjárhæð 4.982,2 m.kr., samþykkti ráðgjafarnefnd sjóðsins að leggja til að greiðsluhluftfall Jöfnunarsjóðs næmi 66% á árinu 2015. Framangreind áætlun sveitarfélaganna um greiðslur á almennum húsaleigubótum á árinu 2015 gekk hins vegar ekki eftir og námu raungreiðslur sveitarfélaganna 4.431,8 m.kr. og voru því 550,4 m.kr. lægri en áætlað var. Með hækkun á 2,12% framlaginu frá ríki á fjárukalögum 2015 og að teknu tilliti til lægri greiðslna sveitarfélaga samþykkti ráðgjafarnefnd sjóðsins að leggja til hækkun á greiðsluhluftalli Jöfnunarsjóðs úr 66% í 67,4% og fór uppgjörsgreiðsla framlaga vegna almennra húsaleigubóta fram 5. febrúar sl. Heildargreiðsla sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2014 nam 4.617,9 m.kr. Um 4,0% lækkun var því á greiðslum sveitarfélaga milli áranna 2014 og 2015. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna almennra húsaleigubóta á árinu námu samtals 2.989,8 m.kr. Þar af námu leiðréttigar vegna fyrrí ára 2,8 m.kr.

Á grundvelli heimildar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 150/2013 bárust sveitarfélögum á árinu 2015 tvær mánaðarlegar innborganir inn á áætlað framlag viðkomandi ársfjórðungs og verður sama verklag viðhaft á árinu 2016.

Sérstakar húsaleigubætur: Samkomulag um húsaleigubætur

Greiðslur Jöfnunarsjóðs á framlögum vegna sérstakra húsaleigubóta byggja á Samkomulagi um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008. Eins og kveðið er á um í samkomulaginu nemur greiðsluhluftfall Jöfnunarsjóðs 60%. Á árinu námu heildargreiðslur sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum 1.352,8 m.kr. Á árinu 2014 námu heildargreiðslur sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum 1.349,1 m.kr. og var því um 0,3% hækkun á greiðslum bótanna milli ára. Framlög Jöfnunarsjóðs vegna greiðslu sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum námu 811,7 m.kr. á árinu 2015. Þar af námu leiðréttigar vegna fyrrí ára 0,2 m.kr.

Tekjujöfnunarframlög

12. gr. reglugerðar nr. 960/2010 með síðari breytingum

Í október sl. lá fyrir áætlun um úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2015 samtals að fjárhæð 1.247,1 m.kr. og komu 3/4 hlutar framlaganna eða 935,3 m.kr. til greiðslu 29. október 2015.

Áætlunin um úthlutun tekjujöfnunarframlaganna var tekin til endurskoðunar í desember á grundvelli leiðréttar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga og voru hámarkstekjur á íbúa í sveitarfélögum leiðréttar á grundvelli álagningarástofns útsvars með áorðnum breytingum í desember 2015 vegna tekna ársins 2014.

Endanleg úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2015 nam samtals 1.250,0 m.kr. Óveruleg hækkun var á úthlutun framlaganna milli áranna 2014 og 2015.

Einungis kom til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars á árinu.

Útgjaldajöfnunarframlög

13. gr. reglugerðar nr. 960/2010 með síðari breytingum

Framlögin skipast í A- og B- hluta. Til A-hlutans teljast íbúafjöldatengd framlög, framlög vegna fjarlægða innan sveitarfélaga, framlög vegna fjölda þéttbýlisstaða umfram einn, framlög vegna fækkunar íbúa og framlög vegna snjómoksturs í þéttbýli á snjóþyngstu svæðum landsins. Undir B-hlutann falla framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli.

Á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar um úthlutun framlaganna á árinu 2015 frá því í apríl 2015 var gert ráð fyrir að framlögin næmu í heild sinni 6.050,0 m.kr. Þar af námu framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli 750,0 m.kr. og komu 575,0 m.kr. til úthlutunar strax. Útgjaldajöfnunarframlöggin voru greidd með jöfnum greiðslum mánuðina janúar - nóvember 2015. Við hverja greiðslu framlaganna var haldið eftir 10% af áætluðum framlögum til að mæta því ef ráðstöfunarfé sjóðsins yrði minna á árinu eða útgjöld meiri en áætlað var.

Þeim sveitarfélögum, sem töldu sig hafa orðið fyrir íþyngjandi kostnaði vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu umfram hlutdeild þeirra í 575,0 m.kr., sem komið höfðu til úthlutunar, gafst kostur á í nóvember að sækja um viðbótarframlag. Til úthlutunar kom viðbótarframlag samtals að fjárhæð 175,0 m.kr. Heildarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli námu því samtals 750,0 m.kr. á árinu 2015 eins og áður greinir.

Í ljósi hækunar á lögbundnu framlögunum frá ríki á árinu 2015 á grundvelli fjáraukalaga gafst ráðrúm til hækunar framlaga innan A-hlutans um 1.200 m.kr. eða úr 5.300,0 m.kr. í 6.500,0 m.kr. Með tilvísun til þessa nam heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2015 7.250,0 m.kr.

Uppgjör útgjaldajöfnunarframlaga ársins fór fram 28. desember 2015 að undangenginni endurskoðun á úthlutun framlaganna á grundvelli leiðrétttra hámarkstekna á íbúa í hverju sveitarfélagi. Um 7,2% hækjun var á úthlutun framlaganna milli áranna 2014 og 2015.

Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

3. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla

Á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar um úthlutun framlaganna á árinu 2015 frá því í apríl var gert ráð fyrir því að framlögin í heild sinni næmu 6.197,0 m.kr. að viðbættum leiðréttum vegna framlaga ársins 2013 að fjárhæð 66,2 m.kr. Endurskoðuð áætlun sjóðsins um heildarúthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2015 nam því samtals 6.263,2 m.kr.

Tekjur sjóðsins af 0,77% hlutdeild hans í álagningarástofni útsvars vegna yfirsærslu grunnskólans urðu hærri en áætlað var. Með tilvísun til þess og að meðtöldum 13. mánuði ársins 2015 vegna færslu framlaganna á rekstrargrunn námu almennu framlögin til reksturs grunnskóla samtals 7.101,2 m.kr. á árinu 2015. Þar af voru leiðréttigar vegna ársins 2013 að fjárhæð 66,2 m.kr. eins og áður hefur komið fram. Um 19,4% hækjun var á úthlutun framlaganna milli áranna 2014 og 2015 að meðtöldum 13. mánuðinum.

Framlagið vegna ársins 2015 verður tekið til endurskoðunar á grundvelli endanlegs álagningarástofns útsvars þess árs í árslok 2016 og leiðrétt með framlögum ársins 2017.

Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

4. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla

Á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar um úthlutun framlaganna á árinu 2015 frá því í apríl var

gert ráð fyrir því að framlögin í heild sinni næmu 1.962,0 m.kr. Endanleg framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda námu á árinu 2.080,2 m.kr. að meðtöldum 13. mánuði ársins.

Framlög vegna nýbúafræðslu

5. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla

Á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar um úthlutun framlaganna á árinu 2015 frá því í apríl var gert ráð fyrir að framlögin í heild sinni næmu 245,4 m.kr. Endanleg framlög vegna nýbúafræðslu námu á árinu 261,2 m.kr. að meðtöldum 13. mánuði ársins.

Framlög til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Reglugerð, nr. 23/2013, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Á grundvelli viðauka frá 5. mars 2014 við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga greiddi Jöfnunarsjóður framlög til sveitarfélaga á árinu 2014 til eflingar tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins. Á móti tóku sveitarfélögini yfir verkefni frá ríki sem námu 230 m.kr.

Á árinu 2015 var greiðslum til eflingar tónlistarnáms framhaldið á grundvelli sömu forsendna og á árinu 2014. Ráðstöfunarfjármagnið nam 520,0 m.kr. að viðbættu 30,0 m.kr. sérstöku viðbótarframlagi vegna bráðavanda tónlistarskóla eða samtals 550,0 m.kr.

Á grundvelli 1. gr. reglugerðarinnar greiddi sjóðurinn framlög til kennslusveitarfélaga vegna miðnáms í söng og framhaldsnáms í söng- og hljóðfæraleyk. Á grundvelli 7. gr. reglugerðarinnar greiddi sjóðurinn framlög til lögheimilissveitarfélaga vegna þeirra nemenda sem þurftu af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags og stunda nám á grunnstigi í söng og hljóðfæraleyk og á miðstigi í hljóðfæraleyk. Forsenda fyrir greiðslu framlaga á grundvelli 7. gr. er að námið sé metið til eininga í framhaldsskóla.

Á grundvelli heimildar í lögum nr. 72/2015 um breytingar á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms innheimtti Jöfnunarsjóður á árinu 2015 hlutdeild sveitarfélaga í verkefnunum frá ríki á grundvelli íbúafjölda samtals að fjárhæð 230,0 m.kr. með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá greiðslum á framlögum sjóðsins.

Framlög vegna yfirlærislu á málefnum fatlaðs fólks

Hvað framlög vegna yfirlærislu á málefnum fatlaðs fólks varðar þá er greint frá þeim í bréfi til forsvarsmana viðkomandi þjónustusvæða sem einnig er dagsett 8. mars 2016.

Hvað úthlutanir og greiðslur annarra framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2015 varðar þá hafa viðkomandi sveitarfélögum borist sérstök bréf þar að lútandi.

Úthlutanir framlaga vegna ársins 2016

Endurskoðun á áætuðum framlögum sjóðsins til sveitarfélaga vegna ársins 2016 mun fara fram í marsmánuði og verður tilkynnt sveitarfélögum í kjölfarið.

Fyrir hönd ráðherra

Elin Pálsdóttir
Elin Pálsdóttir

Guðni Geir Einarsson
Guðni Geir Einarsson